



Útvarpserindi eftir Kanadaferð sumarið 1964

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Útvarpserindi – Kanadaferð – Vestur Íslendingar – Winnepegborg

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar 1949-1964
Askja 4-3, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Íslawpruniði
Bjarna Benediktssonar
efrinn Kanadafétt
sumarsins 1964

Landnemar á sléttum Norður-Ameríku komu hvaðanæva að. Flestir þeirra, sem þangað lögðu leið sína beint frá heimalöndum sínum í Norðurálfu, voru fátækir að veraldarauði og lento í miklum erfiðleikum á fyrstu landnámsárum sínum.

Um enga átti þetta fremur við en Íslendinga þá, sem fluttu vestur um haf á síðari hluta 19. aldar. Þá gengu erfiðir tímar yfir land okkar, Nokkuð var að vísu farið að örla á stjórnfrelsi, en verklegar framkvæmdir voru svo að segja engar. Búskaparhættir voru svipaðir og tíðkazt höfðu f þúsund ár. Landið var að vissu leyti enn ónumið. Kuldar, ísalög og eldgos juku á erfiðleikana. Viðnámsþróttur almennings var ekki meiri en svo, að meinlitlar farsóttir eins og mislingar urðu að drepsóttum. Héðan var því ekki frá miklu að hverfa.

Hinir fslenzku útflyttjendur voru allir örsnauðir þess og þekktu ekkert til/búskapar, sem átti við f hinum miklu akuryrkjulöndum, er þeir settust að í. Þó að landrými væri þá enn nóg, skorti þá í upphafi kunnugleika til að velja sér bústaði þar sem landkostir voru beztir og koma sér haganlega fyrir.

Þeir tölzuðu mál, sem engir skildu og stuðlaði það raunar að því, að þeir reyndu að halda hópinn. En viðast voru hóparnir svo smáir, að lítt munaði um þá í fólksmergðinni. I samkeppni við allan fjöldann var Íslendingum því óhægara um vik, þar sem flestir hinna þekktu frá sínum fyrri heimkynnum svipaða búskaparhætti og við áttu í nýja landinu eða voru þeim a. m. k. ekki jafn gerókunnugir og Íslendingar.

Sjálfir eru útflytjendurnir nú fyrir löngu komnir undir græna torfu. Börnin, sem með þeim fóru, eru flest farin sömu leið eða mjög komin á efri ár. Þriðja og fjórða kynslóðin eru nú á starfsaldri, en hin fimmta að vaxa úr grasi. Samfelldar Íslendingabyggðir eru nú flestar orðnar harla glompóttar. Vestan hafs þykja flutningar á milli héraða og landshluta ekki tiltökumál. Afkomendur landnemanna hafa að fullu lagað sig að landsháttum. Þá er nú að finna víðs vegar í öllum hugsanlegum störfum. Eftir því, sem efnahagur hefur batnað hafa æ fleiri aflað sér fullkominnar menntunar og neytt þess færис, sem hún gefur.

Þegar litið er á allt þetta, væri ekki að undrast, þó að áhugi fyrir ættartengslum við Ísland væri með öllu horfinn eða að minnsta kosti hverfandi.

Auðvitað eru Vestur Íslendingar nú ýmist Canadamenn eða Bandaríkjamenn. Þeir eru hollir borgarar og þegnar síns heimalands, sem þeir telja ekki lengur einungis sitt fósturland, eins og landnemarnir gerðu, heldur sitt eiginlega föðurland. Engu að síður ber mikill fjöldi þeirra enn einlægan vinarhug og tryggð í brjósti til ættlands síns og forfeðra sinna, Íslands. Að sjálfsögðu er áhuginn misjafn og vitundin um íslenzkan uppruna vafalaust horfin hjá ýmsum. Það er auðskilid, en hitt merkilegt hjá hversu mörgum hún er enn lifandi.

Örðugleikarnir þjóppuðu mönnum saman, treystu þjóðartengslin. Flestir settust íslenzku vesturfararnar að í Manitoba, nærri Winnipegvatni, í Winnipegborg sjálfri eða í sveitum þar umhverfis. Litið var á þá svipað og sértrúarflokk sem liftt blandaði blóði

og geði við aðra. Í sögu Manitoba eru þeir bókstaf lega nefndir í öðru orðinu, þegar í hinu er talað um nafngreindan sértrúarflokk, sem kom til Mani um svipað leyti og Íslendingar. Um skeið gengu Vestur-Íslendingar í Winnipeg undir uppnefni, sem a.m.k. þeir sjálfir töldu sér til niðrunar. Eg sá alkunn 1júfmenni setja upp hörkusvip, þegar á þeit var minnst, þótt auðséð væri, að ekki var í móðg skyni gert. Nú er fyrir löngu hætt að nota niðrun nöfn um þá.

Þær starfsgreinar eru áreiðanlega vandtaldar í Canada og þá einkum Manitoba, að Vestur-Íslendingur sé þar ekki í fremstu röð. Upptalning á nötum einstakra manna á hér eigi við og gæti verið villandi. Auðvitað er mest talað um þá, sem frá úr skara, og á skyndiferð hittir maður sízt þá, sem illa hefur gengið og hafa sig þess vegna ekki í frammi. En allir Vestur-Íslendingar, sem ég hvoru hressilegir og lífsglaðir. Ekkert af því, sem ég sagði í ræðum mínum fékk betri undirtektir e það, sem ég sagði af fullri sannfæringu eftir að hafa séð landið, að ef ég ákvæði að flytja frá Íslandi sem ég vissulega vonaði, að aldrei yrði-, þá vild ég hvergi fremur búa en í Canada. Ekki var um það að villast, að menn undu hag sínum vel.

Vestur-Íslendinga má rekast á ótrúlega víða. E.t.v. var sízt tiltökumál, þó að ég hitti fjölda þeirra á Íslendingadeginum að Gimli og í Winnipeg. Gimli er þó aðeins lítið þorp, svo að flestir þeir fimmþúsunda, sem talið var að tekið hefðu þátt í hátíðahöldunum þar, voru/komnir, sumir órávegu. Og í Winnipeg entust ótrúlega margir til þess að sinna okkur dag eftir dag, taka þátt í samsæti og á sunnudagskvöldi fyrst í ágúst.

að sækja messu þar sem okkur var fagnað. Það var hátíðleg stund, en ekki var síður eftirminnilegt að koma á rúmhelgum degi í hina fornu sókn séra Friðriks Hallgrímssonar í Argylebyggð, all langt fyrir sunnan Winnipeg, þar sem 200 manna hópur heldur enn uppi fjórum sóknarkirkjum, sem reistar voru á meðan héraðið var að mestu byggt Vestur-Íslendingum. Undursamlegt var að sjá, hversu öllu var vel við haldið og koma inn á al íslenzk heimili suður undir landamærum Bandaríkjanna og hitta þar menn, sem höfðu alízt upp við kvöldvökur í gömlum íslenzkum stfl, þótt þeir væru sjálfir fæddir vestra.

Dá var ekki síður merkilegt að koma til Edmonton. Þar tók ungur maður á móti okkur úti við flugvélina og fylgdi okkur inn í flugstöðina. Mér hafði verið sagt, að hún væri hálftíma akstur utan við bæinn. Þegar við komum inn í all stóran sal, áttaði ég mig þess vegna ekki í fyrstu, þegar ég sá þar fjölda fólks, unga og gamla, og hélt þetta vera venjulegt ferðafólk. Brátt kom samt í ljós, að þarna voru menn komnir langan veg, sumir með ung börn sín, til að heilsa okkur. Vissum við þó ekki fyrirfram dæli á neinum þeirra. Gerðu þeir og ekki endaslept við okkur, héldu fjölmennt samsæti um kvöldið og margir fylgdu okkur daginn eftir til heimilis Stephans G. Stephanssonar nokkurra klukkutíma ferð. A leiðinni höfðu raunar gamlir nágrannar Stephans tekið við okkur; þeir fluttu okkur þar um hérað og degi síðar vestur í Klettafjöllin.

Bær Stephans stendur á fögrum og friðsælum stað, sem í okkar Íslendingaaugum var ákjósanlegasta bæjarstæðið, sem við sáum á öllum hinum víðlendum sléttunum xfaða. **Bain Stephans** sáu trúlega.

búsældarlegri. En þótt Stephan yrði aldrei rískur maður á þar lands mælikvarða, var hús hans, sem hann reisti sér um aldamótin, mun veglegra en nokkur bónbabær á Íslandi um þær mundir. Var koman á heimili Stephans ógleymانleg svo og samfundir við skyldmenni hans og nágranna, sem enn mundu hann glöggt.

Stephan var oft kallaður Klettafjalla-skáld og sjást þau þó aðeins í góðu skyggni frá heimili hans enda mundi ég halda, að þaðan væru einir 150 kilómetrar upp f Klettafjöllin, en það þykir ekki mikil vegalengd í allri viðáttunni þar vestra. Í Klettafjöllunum dvöldum við tvo daga á stóru sumarhótel. Þar vildu forráðamenn fá mynd af okkur í safn sitt og sagði þá kona míni í glensi, að undir enn eina myndatöku gengumst við því aðeins, að við fengjum einhvern af hinum myndarlegu hestalöggreglumönnum, sem svo eru kallaðir, til að punta upp á. Leið þá ekki á löngu áður en einn slíkur væri kominn, og þegar við tókum tal saman kom í ljós, að hann var af íslenzku bergi brotinn.

Eftir að nágrannar Stephans höfðu sleppt af okkur hendi óku tveir ungir Íslendingar, sem nú búa í Vancouver, en báðir fæddir á Íslandi okkur tveggja daga leið vestur að Kyrrahafi. Báðir voru þeir með konum sínum og mun ferðin um Klettafjöllin, okkur seint úr minni líða. Gistum við um nött í bæ með 15 - 20 þús. íbúum, Kelowna að nafni, er liggur í miklu aldinræktarhéraði. Í þessum bæ, sem ég hafði aldrei áður heyrt nefndan, söfnuðust saman um fimmtíu Vestur Íslendingar og skyldulið þeirra til að heilsa upp á okkur. Þurftu sumir að sækja 100-200 kílómetra að. Einkasjálasafn Þjóða Benediktssonar © Borgarsjálasafn Reykjavíkur

þar sem fjölmenn samsæti var haldið og söttu það m.a. sjómenn sunnan úr Seattle í Bandaríkjum, er höfðu tekið sig upp frá fiskveiðum til að komast á þennan Íslendingafund. Loks hittum við degi síðar álitlegan hóp Vestur-Íslendinga suður í San Francisco

Ætlun míni var ekki sú, að segja neina ferðasögu, heldur einungis að reyna að skýra þann lifandi áhuga fyrir tengslum við Ísland, sem ég varð hvarvetna var. Menn komu saman á ólíklegustu stöðum vegna þess að fulltrúi Íslands var á ferð. Þvíflískar ferðir héðan að heiman hafa þýðingu og mega ekki niður falla vegna þess, að þær halda við áhuga og hvetja til samfunda, sem ella yrðu ekki.

Farsæld Vestur-Íslendinga og dreifing þeirra viðsvegar um hið mikla meginland hlýtur í vaxandi mæli að leiða til þess, að tengslin þeirra í milli losni og rofni smám saman eftir því, sem tímar líða. Peir eru ekki lengur einangrað, aðvífandi þjóðarbrot innan um ótal mörg önnur miklu fjölmennari, heldur eru þeir nú samgrónir þjóðarmeðnum. Peirra íslenzka tungumál, sem í fyrstu var þeim fjötur um fót en átti ríkan þátt í samheldninni, er nú óðum að hverfa.

Þegar ég heilsaði gestum í kvöldsamsætinu í Edmonton, komu þar í einum hóp tveir drengir innan við fermingu, miðaldrar maður og annar við aldur. Sá elsti, sem heilsaði mér síðast, ávarpaði mig á hreinni íslenzku og sagðist hafa þekkt afa minn og ömmu á Húsavík. Þegar ég síðar átti nánara tal við hann, kom í ljós, að hann hafði farið frá Islandi fjögurra ára gamall og var a mma míni ömmusystir hans. Sjálfur átti hann nú bágt með heyrn, en sagði mér m.a. "söguna um fiskibeinin", sem hann svo kallaði. Hún var þess efnis Einkasjumannsins Bjarna Benediktssona © Borgarsjálastofan Reykjavíkur

fararskips gist með börnum sínum hjá afa mínum og ömmu, og hann þá sjálfur fengið ný fót. Faðir minn, sem þá var stráklingur, var láttinn festa nýju buxunum á frænda sinn, en laumaði um leið fiskibeinum ofan í buxnasetuna. Strákar hafa verið stríðnir jafnt þá sem nú, eins þeir, sem síðar urðu viðurkennd prúðmenni. Nú var sá, sem fyrir þessum hrekk hafði orðið, búsettur norður í auðnum Canada. Kvaðst hann mundu halda heim til sín daginn eftir 700 mílna eða h.u.b. 11 hundruð kílómetra leið flugleiðis. A orðum hans var engan útlendan hreim að heyra fremur en hann hefði aldrei úr Þingeyjarsýslu farið. Eg spurði, hvort hann hefði verið giftur íslenzkri konu úr því að hann talaði íslenzku enn svo reiprennandi. Nei, hann sagði konu sína hafa verið af frönskum ættum og við afkomendur sína, sem með honum voru, son og sonarsyni, talaði hann á ensku.

Roskinn bóndi, sem ég hitti að Gimli, -hann var þar ásamt systur sinni og bæði fædd í Canada en ramm-íslenzk ásýndum, sagði við mig á íslenzku, eitthvað á þessa leið: "Það slæma við þetta land er, að hér vilja allir tala ensku". Þó að við Íslendingar kysum annað, verður þessari staðreynd ekki haggað. En margir þeirra, sem sjálfir tala ensku, hafa unun af því að heyra íslenzku. Ahuginn fyrir Íslandi er og engan vegin takmarkaður við þá, sem íslenzku tala eða skilja, né það að menn séu komnir til ára sinna. Eg talaði við miðaldramann, sem ekki sagðist hafa haft neinn áhuga fyrir sínu íslenzka ætterni á unglingsárum, en var nú orðinn því áhugasamari um þau efni. Íslenzku kunnáttu er ekki heldur örugg sönnun fyrir sérstökum vinarhug til Íslands. Aldraður maður sagði við mig á góðri íslenzku, að sig hefði aldrei langað til að sjá Ísland. Hann hefði ekki heyrt svo vel af því lítið fyrusinni. Komu hans á Íslendingadag

sýndi raunar, að hugur hans til Islands er annar, en í fljótu bragði hefði mátt ætla af orðum hans. Við me gum og minnast þess, að Ísland var ekki blítt börnum sínum um það leyti, sem útflytjendurnir yfиргáfu það. Þeir, sem annast var um landið, óttuðustu lengi, að þeir, sem aldir voru upp vestan hafs, mundu verða fyrir vonbrigðum við að sjá Ísland. Þetta kemur glögglega fram í bréfi Stephans G. til séra Rögnvalds Péturs-sonar frá 1912. Þar segir:

"Eg hlakka til með ykkur, að þið fáið nú að skreppa heim. Verst þykir mér, að þú manst svo lítið, hvernig var, sem von er, því Ísland má ekki bera saman við annað en sjálft sig og allt, sem verra er. Eg er hræddur um, að þú verðir svo bölsýnn. Eg skal lána þér mína seinustu minning um Sauðárkrók: Tveir danskir lausakaupmenn á segldöllum sínum við akkeri á höfninni. Tvær sjómannabúðir, litlar og ljótar, kúrðu í fjöruurðinni, og enginn maður í þeim. Jón á Víði-mýri og "Bensi" Blöndal, báðir góðglaðir, reyna sig þar á mölinni í gamla tvísöngnum við "Sá ljósi dagur liðinn er".

Nú kveður annað við hjá þeim, sem dómbærastir eru.

Roskinn bóndi, fæddur vestra, sem komið hafði til Islands ekki alls fyrir löngu í fyrsta skipti, sagði, að þangað til að hann hefði sjálfur komið til Islands hefði hann ætíð haldið, að það hefðu verið útflytjendurnir, sem gerðu rétt, sýnt bæði hugdirfð með því að leggja út í óvissuna og þrautseigju og manndáð með því, hvernig þeir hefðu brotið sér braut. Eftir að hann hefði komið til Islands ferðast þar um og kynnt sér það, sem gert hefði verið, miðað við hitt, sem áður var, liti hann öðruvísi á. Hann teldi nú, að útflytjendurnir hefðu yfirgefið skip, sem virtist vera að sökkva, en hinir, sem eftir voru hefðu rétt það við

ist yfir dómi þessa lífsreynda manns, sem lengi hefur verið í fremstu röð sinnar stéttar.

Fjarri lagi væri að fara í nokkurn meting um það, hvorir hafi staðið sig betur, þeir, sem burtu fluttu eða eftir urðu. Hitt er sönnu nær, að þakka hversu vel hefur ræst fram úr fyrir báðum. Þegar litið er á allar aðstæður, þá er það undursamlegt, hvíliskum frama hinn fámenni hópur Vestur-Íslendinga hefur náð og að enn skuli þeir ekki horfnir í þjóða-hafinu vestra. Með sama hætti er með ólfkindum sú endurreisn, sem Island og íslenzka þjóðin hefur lifað á þessari öld. Þar eru margar orsakir að verki. Meðal þeirra er sú, að Vesturfararnir vökkuðu sjóndeildarhring þjóðarinna, þeir rufu einangrunina, sem allt ætlaði að kæfa. Fordæmi þeirra sýndi, að Íslendingar voru ekki öðrum síðri við sömu skilyrði og smám saman lærðu menn, að við þurftum f rauninni ekki síður en frændur okkar vestan hafs að nema okkar eigið land og nýta nútíma þekkingu og tækni.

En lífskräftinn og seigluna á bæði sjálf íslenzka þjóðin og sá hluti hennar, sem burtu fór, að þakka okkar ástkæra en erfiða landi og þeirri menningu, sem hér hefur geymst og þróast í meira en þúsund ár. Gildi hennar er fyrst og fremst fyrir okkur sjálfa. En hún hefur einnig miklu almennara gildi sem nánasti tengiliður þeirra þjóða, sem byggja Norð-vestur hluta Evrópu og hinn engil-saxneska heim, við löngu liðna fortíð. Sú menning, sem okkar er grein af, hefur ekki síður ráðið miklu um örlög vestrænna þjóða, en menning Forn-Grikkja, Rómverja og Gyðinga, sem oft er vitnað til að mest hafi mótað þær til góðs. Glæpir nazistanna þýzku hafa leitt til þess, að nú er tíðkanlegt Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur aðgerði lítið úr heim menningarverðmætum Germana,

sem bezt hafa geymst í fornbókmenntum okkar og
Íslendingar hafa ætíð sótt styrk í.

Varðveizla íslenzkrar tungu tryggir, að þessir
fjársjóðir verði okkur opnir um alla framtíð, þó
að engum tjái að lifa í fortíðinni einni og æ fleiri
hugðarefni bætist við. En þeir lokast fyrir frændum
okkar vestan hafs eftir því, sem kunnátta í íslenzku
verður fágætari, nema við verði séð. Ahrif forn-
grískrar, rómverskrar og hebreiskrar menningar eru
að sjálfsögðu ekki bundin við þá, sem þessi mál kunna.
Hin beztu rit þessara þjóða eru hvarvetna lesin í
þýðingum og kjarninn kenndur í skólum víðsvegar.
Að sama ber að keppa um hið bezta, sem varðveizt
hefur í okkar bókmenntum og almennt gildi hefur.

Engir útlendingar eru líklegri til þess að skilja
réttmæti þessa en Vestur- Íslendingar og engir hafa
betri möguleika til að stuðla að framkvæmd þess.

Má og segja, að kennarastóllinn í íslenzkum fræðum
við Manitoba-háskóla sé vísir þessa. En þetta er
ekkert áhlaupaverk, því að flestir hafa nögu öðru að
sinna og ætíð bætist við ótal margt, sem menn þurfa
að læra og kenna. Þess vegna er dregið úr kennslu í
fornum fræðum en hún ekki aukin.

I bili skiftir mestu að halda þeim vinahóp, sem
við höfum, hann er ekki of fjölmennur, hvort eð er.
Og jafnvel þótt hugmyndin um sameiginlega sókn til
aukinnar þekkingar á okkar sameiginlega menningarárfi
reynist draumórar einir, þá er okkur ómetanlegur
styrkur að því, að eiga þúsundir og þó öllu heldur tug-
þúsundir vinveittra manna dreifðra um hið mikla megin-
land Norður-Ameríku, manna, sem telja sér til ágætis
að vera komnir af íslenzkum ættstofni og vilja styrkja
hann og vernda.